

**Mál nr. 273/2009**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S**

**Maður datt í stiga við vinnu sína og slasaðist þ.23.8.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttengið þ. 29.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-13.
2. Bréf V dags. 10.8.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-4

**Málsatvik.**

Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi verið að fara með sendingu á fiski á veitingastað og þurft að fara með hana niður brattan stiga ofan í kjallara og hafi hann stigið á hálán flöt í stiganum í fyrstu ferð sinni niður með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og fell niður sjö þrep og meiddist. Samstarfsmaður M staðfestir frásögn hans um að halt hafi verið í stiganum. M krefst bóta og telur að starfsfólk S hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar með því að þurka ekki upp vatn eða fitu sem hafi verið í stiganum. Þá hafi stigin ekki verið í samræmi við byggingarreglugerð þar sem handrið hafi vantað auk þess hafi gólfefni verið sleipt. V hafnar bótaskyldu og telur vátryggingataka ekki hafa bakað sér skaðabótaskyldu þar sem slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna S og sá stigi sem um ræðir sé hvorki hættulegur né torfær þá verði ekki séð að orsakasamhengi sé á milli falls M og að handrið var ekki til staðar.

**Álit.**

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að starfsfólk S hafi bakað sér bótaskyldu og þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að leiði til bótaskyldu S. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 25.8. 2009.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.